



Samstarfsyfirlýsing

um uppbyggingu leiguhúsnæðis í Fjarðabyggð

Leigufélagið Bríet ehf. (Bríet), Fjarðabyggð, og Búðingar ehf, gera með sér eftirfarandi samkomulag um að vinna saman að uppbyggingu leiguhúsnæðis í sveitarfélaginu Fjarðabyggð.

Markmið verkefnisins eru:

- i. að stuðla að húsnæðisöryggi íbúa í Fjarðabyggð með því að auka framboð íbúða til leigu í sveitarfélaginu.
- ii. að tryggja aðgengi að lóðum við hæfi.
- iii. Leigufélagið hefur auglýst eftir byggingaraðilum til samstarfs þar sem Bríet mun skuldbinda sig til þess að kaupa hagkvæmar íbúðir sem ætlaðar verða til langtímaútleigu og hafa byggingaraðilar á svæðinu sýnt áhuga á samstarfi við Bríeti.

Verkefnið styður við hlutverk Bríetar sem er:

“Við bjóðum einstaklingum og fjölskyldum upp á traust og hagkvæmt leiguhúsnæði á landsbyggðinni með því að stuðla að auknu framboði í samstarfi við sveitafélögin og aðra hagaðila. Þannig erum við virkur þátttakandi í að auka húsnæðisöryggi, örva atvinnulíf og styðja við íbúðapróun”

Samstarfsyfirlýsing þessi nær til eftirfarandi verkefna eða til uppbyggingar í tveimur þéttbýliskjörnum innan Fjarðabyggðar eða á Eskifirði og Reyðarfirði.

1. Bríet mun taka þátt í fyrirhugaðri uppbyggingu á allt að 4 íbúðum með kaupum á 2 íbúðum á Eskifirði og 2 íbúðum á Reyðarfirði af Búðingum ehf.
2. Sveitarfélagið skuldbindur sig til að sjá til þess að í boði verði skipulagðar lóðir við hæfi til þess að mæta þeirri íbúðauppbyggingu sem fyrirhuguð er.
3. Búðingar ehf munu í sameiningu við félagið fara í frekari greiningu og útfærslu á verkefninu með hagkvæmni og útlit að leiðarljósi.

Fyrirliggjandi húsnæðisáætlanir sýna að veruleg þörf er á leiguíbúðum í sveitarfélaginu. Er það er mat samningsaðila að með samkomulagi þessu náist samlegðaráhrif milli þessara tveggja þéttbýliskjarna í Fjarðabyggð sem nýtist mjög vel sveitarfélaginu í heild og Leigufélaginu Bríeti til uppbyggingar á leiguhúsnæði á landsbyggðinni sem er eitt af megin langtímamarkmiðum félagsins.

Reykjavík, 7. mars 2023

F.h. Leigufélagsins Bríetar ehf.

Soffía Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri

Búðingar ehf,

Róbert Óskar Sigurvaldason
Framkvæmdastjóri

F.h. Fjarðabyggðar

Jón Björn Hákonarson
Bæjarstjóri Fjarðabyggðar